



Fimmtudaginn 5. maí 2011 kom fræðslunefnd Húnavatnshrepps saman til fundar kl. 20.30 á skrifstofu sveitarfélagsins á Húnavöllum.

Fundinn sátu: Birgir Ingþórsson, Jón Gíslason, Eline Manon Schrijver, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Fanney Magnúsdóttir, Jóhanna Stella Jóhannsdóttir, Pétur Pétursson, Jóhanna G. Jónasdóttir, Þórunn Ragnarsdóttir og Jens P Jensen.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Umræður um val á skólastjóra.
3. Fundarslit.

1. Fundarsetning.

Formaður fræðslunefndar setti fund kl. 20.30

Bjarni Ragnarsson, Sveinfríður Halldórsdóttir og Birgitta Halldórsdóttir boðuðu forföll.

2. Umræður um val á skólastjóra.

Viðtöl við umsækjendur um stöðu skólastjóra við sameinaða skólastofnun á Húnavöllum fóru fram mánudaginn 2. maí s.l. Fulltrúar fræðslunefndar á viðtalsfundinum voru: Birgir Ingþórsson, Jón Gíslason og Eline Manon Schrijver. Sveitarstjóri ritaði fundargerð. Trausti Þorsteinsson, lektor við kennaradeild Háskólans á Akureyri og faglegur ráðgjafi fræðslunefndar, leiddi viðtölin við umsækjendur.

Þrjú umsækjenda, þau Sigríður Bjarney Aadnegard, Berglind Hlín Baldursdóttir og Þorkell Ingimarsson mættu til viðtals. Bergljót Kristín Ingvadóttir dró umsókn sína til baka.

Trausti Þorsteinsson var í símasambandi á fundinum og gerði grein fyrir viðtölum við umsækjendur

Greinargerð Trausta um umsækjendur liggur fyrir fundinum. Þar kemur m.a. fram að hann kynnti sér sérstaklega lög er varða ráðningu skólastjóra. Gerði samantekt um umsækjendur, þar sem lagt er mat á hvernig þeir uppfylla kröfur auglýsingar um stöðuna. Gerði samanburðargreiningu á viðtölum sem tekin voru við umsækjendur. Gerði grein fyrir hvernig umsagnir meðmælenda féllu að sjálfsmati umsækjenda. Gerði grein fyrir þeirri meginniðurstöðu sinni að allir umsækjendur uppfylltu hæfisskilyrði. Sökum stuttrar reynslu af kennslu telur hann Berglindi standa nokkuð aftar Sigríði og Þorkeli. Þau metur hann nokkuð til jafns þó að bakgrunnur þeirra sé ólíkur.

Eftir að Trausti hafði lokið máli sínu gaf formaður orðið laust um skýrsluna og umsækjendur. Jón Gíslason taldi að við höfum verið mjög heppin með ráðgjafa og hann hafi unnið vel og fagmannlega úr umsóknum.

Jóhanna Stella kynnti bréf frá starfsfólki skólana á Húnavöllum sem sent var sveitarstjórn. Jóhanna Stella sagði starfið í skólanum ganga vel og að starfsmenn skólans styðji Þorkel í áframhaldandi starfi.

Pétur segir Þorkel hafa verið vaxandi í starfi og styður umsókn hans.

Þórunn Ragnarsdóttir segir samstarf sitt við Þorkel hafa gengið vel og styður hann. En efast ekki um að þetta eru allt hæfir einstaklingar sem sækja um. Jóhanna G. Jónasdóttir sagði þetta allt hæfa umsækjendur og þar sem hún er að hætta þakkaði hún fyrir samstarfið.

Fanney Magnúsdóttir mælir með Þorkeli þó hún efast ekki um hæfileika annarra umsækjenda. Jón Gíslason mælti með Sigríði. Eline Manon Schrijver tók undir orð Jóns.

Jóhanna Gunnlaugsdóttir styður Sigríði þar sem hún telur hana hæfari í mannlegum samskiptum og vegna menntunar.

Formaður bar upp þá tillögu að fræðlsunefnd leggi til við hreppsnefnd að Sigríður Aadnegard verði ráðin í stöðu skólastjóra við sameinaða skólastofnun á Húnavöllum frá næsta skólaári. Tillagan var samþykkt með fjórum gr. atkvæðum (BI,EMS,JG,JG) einn sat hjá.(FM)

Rökstuðningur Birgis Ingbórssonar, Jóns Gíslasonar, Jöhönnu Gunnlaugsdóttur og Eline Manon Schrijver er eftirfarandi:

Við mælum með að Sigríður Bjarney Aadnegard verði ráðinn skólastjóri við sameinaða skólastofnun Húnavatnshrepps næsta skólaár.

Að okkar mati uppfyllir hún best umsækjenda þau skilyrði sem sett voru fram í auglýsingu um starfið.

Það sem vegur þyngst að okkar mati er mikil starfsreynsla á bæði leik- og grunnskólastigi og leyfisbréf á báðum skólastigum, sem mun nýtast vel við sameinaða skólastofnun á Húnavöllum.

Sigríður hefur sótt sér upplýsingar um nýjustu áherslur og leiðir í kennslu- og uppeldismálum, sem við teljum einnig afar mikilvægt.

Jafnframt teljum við vitnisburð um góða hæfileika Sigríðar í mannlegum samskiptum vega þungt.

3. Fundarslit.

Fundargerð upplesin og samþykkt og fundi slitið kl. 22.45